

Kostnað við skuldaskil sjóðsins greiðir hann eftir reikningi, sem skiptaráðandi 48
 Árnessýslu úrskurðar.

5. júlí

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 5. júlí 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

49

um friðun hreindýra.

5. júlí

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Hreindýr skulu hvarvetna á landi hér friðuð fyrir skotum og öðrum veiðivélum til 1. janúar 1945. Heimilt skal þó að handsama dýr til eldis.

2. gr.

Brot gegn 1. gr. varða 100 kr. sektum í fyrsta sinn fyrir hvert dýr, sem veitt er, en sektir tvöfaldast við hverja ítrekun brots, allt að 400 kr.

3. gr.

Fara skal með mál, er rísa af brotum gegn lögum þessum, sem almenn lög-reglumál. Sektir skulu hálfar falla til uppljóstrarmanns, en hálfar í sveitarsjóð heimilissveitar hans.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 5. júlí 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.